



NYÁRSTÓNLEIKAR 2023

HÁTÍDARTÓNLEIKAR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR NORDURLANDS

14. JANÚAR 2023

Kæru tónleikagestir

Gleðilegt nýtt ár og velkomin á nýárstónleika!

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og MAk fagna nýju ári og hækkandi sól með fjölbreyttri blöndu gamallar og nýrrar tónlistar. Við lítum til Austurríkis og vottum Jóhanni Strauss yngri og Vínartónleikahefðinni virðingu með forleiknum að óperettunni Leðurblökunni og Tritsch-Tratsch polkanum - hvort tveggja ómissandi verk á árlegum nýárstónleikum Vínarfilarmoníunnar. Efnisskrá kvöldsins er að vissu leyti sett saman með þessa hefð í huga; austurrísku og ungversku tónskáldin Lehár, Korngold, Kálmán og Stolz leggja lóð sín á vogarskálina með þekktum perlum eins og Dein ist mein ganzes Herz, Lippen schweigen og Viljalied en líka með verkum sem sjaldnar heyrast hér á landi en færa okkur þó ósvikinn andblæ Mið- og Austur-Evrópu. Og við leitum víðar fanga enda erum við að skapa okkar eigin norðlensku nýárshefð. Úr smiðju rússneska tónskáldsins Shostakovich heyrum við vals í sönnum Vínaranda en samt með eilítið þungum, slavneskum undirtóni, og komin austur á bóginn leitar hugur okkar óneitanlega til Úkraínu en frá Prokofiev, sem fæddur var þar í landi, kemur hinn kunnir dans riddara

Montague- og Capulet- ættanna úr ballettinum um elskendurna Rómeó og Júliu.

Nýárstónleikunum lýkur á frumflutningi á nýju verki, Fantasíu um Ólaf liljurós, eftir Michael Jón Clarke. Í litríkum óði til íslenskrar söng- og danshefðar bregður fyrir þekktum minnum og tilvitnunum í margvíslega menningarkima, innlenda sem erlenda, en þar sem fæst orð hafa minnsta ábyrgð skal áheyrendum eftirlátið að upplifa þetta splunkunýja tónverk á eigin forsendum.

Stjörnuljós tónleikanna eru söngvararnir Þóra, Hanna Dóra, Dagur, Gísli Rúnar og Andri Björn og er það okkur mikil ánægja og heiður að fá þau til liðs við okkur á þessari hátíðarstundu.

Góða skemmtun!

Johann Strauss II (1825–1899):

Úr óperettunni Die Fledermaus:
Forleikur

Franz Lehár (1870–1948):

Úr óperettunni Das Land des Lächelns:
Dein ist mein ganzes Herz

Erich Wolfgang Korngold (1897–1957):

Úr óperunni Die tote Stadt:
Dúett: Glück, das mir verblieb

Emmerich Kálmán (1882–1953):

Úr óperettunni Das Veilchen vom Montmatre:
Heut' Nacht hab' ich geträumt von dir

Emmerich Kálmán (1882–1953):

Úr óperettunni Gräfin Mariza:
Höre ich Zigeunergeigen

Dmitri Shostakovich (1906–1975):

Úr Djasssvítu nr. 2:
Wals nr. 2

Johann Strauss II (1825–1899):

Tritsch-Tratsch-Polka

Robert Stolz (1880–1975):

Vor meinem Vaterhaus

Franz Lehár (1870–1948):

Úr óperettunni Die lustige Witwe:
Dúett: Lippen schweigen
Vilia

Sergei Prokofiev (1891–1953):

Úr ballettinum Rómeó og Júlía:
Dans riddaranna

Michael Jón Clarke (1949):

Fantasía um Ólaf liljurós (Frumflutningur)



Tónskáld:

Johann Strauss II
Franz Lehár
Erich Wolfgang Korngold
Emmerich Kálmán
Dmitri Shostakovich
Sergei Prokofiev
Michael Jón Clarke

Hljómsveitarstjóri:

Daníel Þorsteinsson

Einsöngvarar:

Andri Björn Róbertsson | bass-baritón
Dagur Þorgrímsson | tenór
Gísli Rúnar Víðisson | tenór
Hanna Dóra Sturludóttir | mezzó-sópran
Þóra Einarsdóttir | sópran

Daníel Þorsteinsson

Daníel Þorsteinsson (1963) er fæddur í Neskaupstað. Hann hóf tónlistarnám sitt þar og nam síðar við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Tónlistarskólann í Reykjavík. Feril sinn sem píanóleikari hóf hann samhliða námi við Sweelinck-tónlistarháskólann í Amsterdam þaðan sem hann lauk DM-prófi í píanóleik og kennslufræðum árið 1993.

Að loknu námi hefur Daníel starfað við tónlistarflutning af ýmsu tagi með fjölmörgum listamönnum og hópum, leikið inn á fjölda hljómdiska og stjórnað kórum og hljómsveitum, auk þess að sinna kennslu við Tónlistarskólann á Akureyri. Með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur Daníel leikið

reglulega auk þess að útsetja fyrir sveitina og stjórna Sinfonia Nord í upptökum á kvikmyndatónlist.

Daníel hefur stundað tónsmíðar um árabíl. Haustið 2019 hóf hann MA-nám í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands þaðan sem hann útskrifaðist í desember 2021.

Daníel nýtur nú listamannalauna frá íslenska ríkinu en hann verður staðartónskáld á tónlistarhátíðinni WindWorks í Norðri 23, sem fram fer á Norðurlandi í ágúst næstkomandi.

Daníel býr í Eyjafjarðarsveit.

Andri Björn Róbertsson

Andri Björn Róbertsson, bassa-barítón, er einn affremstusöngvurum Íslendinga af yngri kynslóðinni. Hann hefur sungið við óperuhús víðsvegar um Evrópu, t.a.m. við Óperuna í Zürich, Konunglega Óperuhúsið í Covent Garden, Hollensku Þjóðaróperuna, Óperuna í Lyon, Ríkisóperuna í Hamborg, Ensku Þjóðaróperuna, Íslensku óperuna og Opera North, auk þess að hafa komið fram á hátíðum á borð við Festival d'Aix en Provence í Frakklandi og Llangollen International Music Eisteddfod í Wales. Meðal óperuhlutverka Andra má nefna Fígaró í Brúðkaupi Fígarós, Leporello í Don Giovanni, Basilio í Rakaranum frá Sevilla, Angelotti í Toscu, Theseus í Jónsmessunæturdraumi eftir Britten, Superintendent Budd í Albert Herring eftir Britten og Sarastro og Sprecher í Töfraflautunni. Á næsta ári mun Andri syngja bæði hjá Glyndebourne óperuhátíðinni og Opera North.

Andri hefur m.a. komið fram á ljóðatónleikum á Oxford Lieder Festival, Wigmore Hall, Óperunni í Lille, Cadogan Hall, á Sönghátíð í Hafnarborg, í Hörpu og Salnum í Kópavogi. Andri hefur einnig getið sér gott orð sem óratoríusöngvari og hefur m.a. sungið

í passíum og kantötum Bachs, Messíasi og Saul eftir Handel, Sálumessu Mozarts og Sköpuninni eftir Haydn.

Árið 2021 gaf hann út, ásamt Ástriði Öldu Sigurðardóttur píanóleikara, geisladiskinn Thorsteinson & Schumann, með sönglögum eftir Árna Thorsteinson og Robert Schumann.

Meðalverðlauna og viðurkenninga Andra má nefna fyrstu verðlaun í Mozart-söngkeppninni í London og HSBC-verðlaun Festival d'Aix en Provence. Auk þess hefur hann í tvígang verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Andri stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík, Royal Academy of Music, National Opera Studio í London og Óperustúdíó Óperunnar í Zürich.

Andri er prófessor í söng við Háskólann í Newcastle og Northumbria-háskólann.

www.andribjornrobertsson.co.uk

Dagur Þorgrímsson

Dagur Þorgrímsson tenór fæddist á Akureyri 1993 og ólst upp í Aðaldal í Þingeyjarsveit. Þar fékk hann ótal tækifæri til að stíga á svið, bæði í skóla og seinna með áhugaleikfélagi sveitarinnar. Dagur hóf snemma tónlistarnám, bæði hljóðfæra- og söngnám. Hann lék í hljómsveit sem spilaði á Marimba-tréspil frá Afríku og hélt tónleika um allt land. Söngurinn var þó alltaf það sem heillaði og í menntaskóla hóf hann formlegt klassískt söngnám undir handleiðslu Michaels Jóns Clarke og Daniels Þorsteinssonar við Tónlistarskólann á Akureyri. Dagur nam söng við Listaháskóla Íslands á árunum 2015 til 2018. Kennarar hans þar voru Hanna Dóra Sturludóttir, Kristinn

Sigmundsson, Ólöf Kolbrún Harðardóttir, og Þóra Einarsdóttir. Á námsárunum í Reykjavík tók Dagur virkan þátt í kórstarfi og söng meðal annars í Kór Langholtskirkju og Schola Cantorum. Haustið 2019 hóf Dagur svo meistaranám í óperusöng við Mozarteum-tónlistarháskólann í Salzburg í Austurríki og útskrifaðist þaðan sumarið 2022. Aðalkennarar hans í Mozarteum voru tenórsöngvarinn Christoph Strehl og stjórnandinn Kai Röhrig. Eftir útskrift kom Dagur fram á tónleikum og í óperu á tónlistarhátíðinni Festival della Valle d'Itria á Suður-Ítalíu og sumarið 2023 mun hann syngja við óperuna í Flórens.

Gísli Rúnar Viðisson

Gísli Rúnar Viðisson, frá Hlíðarhaga í Eyjafjarðarsveit, hóf söngnám hjá Michael Jón Clarke og Daníel Þorsteinssyni við Tónlistarskólann á Akureyri. Hann hefur tekið masterclass hjá Paul Plummer í Scottish Opera, Sarah Tysman hjá The Salzburg Festival, Valentina Farcas, stofnanda Accademia della Lirica, David Blackburn, stofnanda NYIOP og Accademia della Lirica, Alexander Winterson og Leonore Rosenberg við Metropolitan-óperuna í New York.

Gísli hefur tekið þátt í ótal tónleikum á undanförunum árum og er einn eigenda og stofnenda Arctic Opera, sem er hópur klassískt menntaðra söngvara sem standa fyrir tónleikahaldi og opnum æfingum í Listasafninu á Akureyri.

Gíslivann til fyrstu Pavarotti-verðlauna ítalska sendiráðsins sem veitt voru í tilefni 80 ára afmælis Pavarotti. Hann hefur sungið í Bretlandi, Rússlandi og Grikklandi en dagsdaglega sinnir hann, ásamt móðurfjölskyldu sinni, búskap heima í Hlíðarhaga og ferðapjónustufyrirtæki sínu, Number One, þar sem hann keyrir landshorna á milli með ferðamenn – en syngur aðeins fyrir þá sem borga best.

Hanna Dóra Sturludóttir

Hanna Dóra Sturludóttir hefur um árabil verið ein af okkar fremstu söngkonum og átt farsælan feril á óperusviði og tónleikapalli víða um heim. Fjöldi þeirra hlutverka sem hún hefur sungið er nú um 60 talsins. Hanna Dóra hefur komið reglulega fram á ljóðatónleikum og sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fjölmörgum tónleikum, og síðastliðin ár hefur hún sungið ýmis hlutverk í sýningum Íslensku óperunnar. Má þar helst nefna titilhlutverkið í Carmen, Eboli prinsessu í Don Carlo, Donnu Elviru í Don Giovanni, Brothers eftir Daniel Bjarnason og Marchellinu í Brúðkaupi Figarós. Árið 2014 hlaut Hanna Dóra Íslensku tónlistarverðlaunin og fylgdi þeim nafnbótin „Söngkona

ársins“ fyrir túlkun hennar á Eboli prinsessu. Hanna Dóra leggur sérstaka áherslu á flutning nýrrar tónlistar og hefur unnið náið með Snorra Sigfúsi Birgissyni tónskáldi undanfarin ár. Hún vakti verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína í óperunni KOK sem frumflutt var í Borgarleikhúsinu vorið 2021 og var tilnefnd til Grímuverðlaunanna og Íslensku tónlistarverðlaunanna í kjölfarið. Hanna Dóra er prófessor og fagstjóri söngs við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Þóra Einarsdóttir

Þóra Einarsdóttir stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík og við óperudeild Guildhall School of Music and Drama. Hún hóf feril sinn að námi loknu (1995) við Glyndebourne Festival Opera. Hún hefur einnig starfað við Ensku Þjóðaróperuna, Opera North, Opera Factory og óperuhús í Mannheim, Nürnberg, Darmstadt, Berlín, Basel, Genf, Lausanne, Prag, Salzburg, Bologna, Malmö og í Wiesbaden, þar sem hún var fastráðin í átta ár. Hún hefur einnig sungið hlutverk við Íslensku óperuna. Meðal hlutverka þóru eru Pamina í Töfraflautunni, Susanna í Brúðkaupi Figarós, Ilia í Idomeneo, Despina í Così fan tutte, Zerlina í Don Giovanni, Euridice í Orfeo ed Euridice, Cleopatra í Júlíusi Sesar, Elmira í Croesus, Adina í Ástardrykknum, Marie í Dóttur herdeildarinnar, Nanetta í Falstaff, Gilda í Rigoletto, Mimi í La Bohème, Michaela í Carmen, Sophie í Rosenkavalier, Xenja í Boris Godunov, Adele í Leðurblökunni, Gretel í Hänsel und Gretel, Ännchen í Freischütz, Woglinde, Ortlinde og Waldvogel í Niflungahringnum, Zaubermaidchen í Parsifal, Tatiana í Evgeny Onegin og Lucia í The Rape of Lucretia. Hún hefur einnig sungið hlutverk í nýjum óperum eftir Harrison

Birtwhistle, Simon Holt, Sunleif Rasmussen og Gregory Frid, Gunnar Þórðarson og Daníel Bjarnason. Þá er gaman að nefna að Þóra fór með hlutverk Maríu í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á Söngvaseiði, sem sló svo rækilega í gegn árið 1998. Auk þess að syngja í óperum hefur Þóra lagt áherslu á ljóðasöng og tekið þátt í flutningi fjölda kirkjulegra verka. Auk tónleika á Íslandi hefur hún komið fram á tónleikum víða ásamt þekktum hljómsveitum, m.a í Barbican Hall, Royal Albert Hall og Royal Festival Hall í London, Konzerthaus Berlin, Berliner Dome, Philharmonie am Gasteig, Kennedy Center í Washington og Weill Recital Hall í New York. Þóra hefur sungið inn á fjölda hljóðritana, bæði hér heima og erlendis. Hún söng hlutverk Mimi í fyrstu heildarútgáfu á óperunni Vert-Vert eftir Offenbach, sem kom út hjá Opera Rara í London. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir söng sinn og verið sæmd hinni íslensku fálkaorðu og Dannebrog-orðunni. Þóra gegnir nú starfi sviðsforseta kvikmyndalistar, tónlistar, sviðslista og hjá Listaháskóla Íslands auk þess að sinna einstaka söngverkefnum.

Michael Jón Clarke

Michael Jón Clarke hefur búið á Íslandi í rúma hálfra öld.
Sem strengjakennari innleiddi hann Suzukikennslu á Íslandi.

Hann er menntaður frá Trinity College of Music í London, Southern Illinois University í Bandaríkjunum og Royal Northern College of Music í Manchester, þar sem hann lauk framhaldsprófi í óperusöng 1991. Hann hefur verið strengja- og söngkennari við Tónlistarskólann á Akureyri í meira en fjóra áratugi og var veitt viðurkenning af Akureyrarbæ fyrir ævistarf. Hann hefur haldið fjölda einsöngstónleika, sungið einsöngshlutverk hjá mörgum kórum, tekið að sér hlutverk í óperum og söngleikjum og stjórnað fjölda kóra og hljómsveita á ferlinum.

Hann hefur sungið fjöldann allan af óperuhlutverkum, frá Carmina Burana til Óperudraugsins. Undanfarin ár hefur hann snúið sér í auknum mæli að tónsmíðum og gefið út geisladisk með Passíusálmum sínum ásamt Eypóri Inga Jónssyni. Hann samdi tónverkið Aldamótakvæði sem flutt var af Hymnodiu á afmæli Akureyrarbæjar 2013. Fjögur orgelverk hans voru hljóðrituð af Láru Bryndísi Eggertsdóttur undir heitinu „Ég heyrði þytinn frá vængjum þeirra“ og hafa þau verið spiluð mjög víða. Með Guðnýju Einarisdóttur samdi hann tónlistina í „Lítill saga úr orgelhúsi“, sem Kirkjuhúsið hefur gefið út, og voru bæði þessi verk á dagkrá alþjóðlegrar orgelmessu sem haldin var í Gautaborg í september 2016.

„Lítill saga úr orgelhúsi“ var flutt tvisvar haustið 2017 í hinni sögufrægu St. Paul's Cathedral í London og var Michael sögumaðurinn. Hlaut flutningurinn á verkinu einróma lof.

Haustið 2017 hélt Michael tónleika í Akureyrarkirkju með verkum sínum: Tíu myndbrot um Emil Thoroddsen, Orgelkonsert, og Te Deum. Eypór Ingi Jónsson frumflutti konsertinn. Kirkjukór Akureyrarkirkju, Hymnodia, einsöngvarar og kammersveit tóku þátt.

Fullveldiskantata Michaels við ljóð Sigurðar Ingólfssonar sem styrkt var af Fullveldissjóði ásamt fleirum, var frumflutt undir stjórn Michaels sjálfs í Hofi á fullveldisdaginn 1. des. 2018 af Sinfóníuhljómsveit Norðurlands ásamt einsöngvurum og sönghópnum Hymnodiu við fádæma góðar undirtektir áheyrenda.

Michael hefur hlotið fjölda viðurkenninga, m.a. frá Akureyrarbæ og var hann valinn Listamaður Akureyrar 1997–1998.

Fantasían Ólafur liljurós er fyrsta verk hans fyrir fullskipaða sinfóníuhljómsveit.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefnamiðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri sinfónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr öðrum geirum tónlistarlífsins. Frábær árangur hljómsveitarinnar ber vitnisburð um að starfsemi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.

1.FIÐLA

Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Justyna Bidler
Zsuzsanna Bitay
Marcin Lazarz
Roland Hartwell
Martin Frewer

2.FIÐLA

Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Tomasz Kolosowski
Andrzej Kleina
Hlín Erlendsdóttir
Marika Alavere

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Eydís Úlfarsdóttir

SELLÓ

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir
Ásdís Arnardóttir
Bryndís Halla Gyldfadóttir
Victoria Tarevskaia

BASSI

Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson

HORN

Ella Vala Ármannsdóttir
Kjartan Ólafsson
Helgi Svavarsson
Emil Friðfinnsson

FLAUTA

Katrin Heymann
Una Björg Hjartardóttir

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Gillian Haworth

FAGOTT

Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjann Ingason

KLARINETT

Ármann Helgason
Helga B. Arnardóttir

TROMPET

Jóhann Stefánsson
Sóley Björk Einarsdóttir

BÁSÚNA

Carlos Caro Aguilera
David Bobroff

TÚBA

Helgi Svavarsson

SLAGVERK

Emil Þorri Emilsson
Þorvaldur Halldórsson
Matiss Leo Meckl
Magnús Már Newman

HARPA

Elísabet Waage

PÍANÓ

Vignir Þór Stefánsson

PÍANÓ/CELESTA

Vignir Þór Stefánsson

JÓHANNA GUÐRÚN

ÞÓRDÍS BJÖRK

ARNÞÓR ÞÓRSTEINSSON

BJARTMAR ÞÓRDARSON

BJÖRGVIN FRANZ

MARGRÉT EIR



CHICAGO

FRUMSÝNT Í JANÚAR

MÍÐASALA Á MAK.IS

LEIKFÉLAG
AKUREYRAR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
NORÐURLANDS